

21. Reglugerð um umsóknir vegna mótahalds

Tegundir móta og umsóknir

1. grein - Almenn mót

Til að árangur á svokölluðu „almennu móti“, fáist viðurkenndur (þ.e. frjálsíþróttamóti, skv. 4. flokki í 1. gr. reglugerðar nr. 20 um flokkun og skilgreiningu frjálsíþróttamóta) verður eftirfarandi að gilda:

1. Væntanlegur mótshaldari verður að sækja um leyfi fyrir mótinu til FRÍ með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara. Í umsókn verða að koma fram eftirtalin atriði og/eða annað sem krafist er í skráningarformi:
 - a. Dagsetning mótsins og staðsetning, þ.e. á hvaða velli og sveitarfélag.
 - b. Nafn mótsins, eða hvað það er nefnt og þess framkvæmdaraaðila sem ber ábyrgð á mótinu.
 - c. Nafn, símanúmer og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um mótsstjóra.
 - d. Nafn yfirdómara.
 - e. Keppnisgreinar, skipt eftir flokkum og kyni.
 - f. Skráningarfrestur og skráningargjald, ef slíkt er um að ræða og hvert skal senda skráningar.
2. Keppt skal í minnst tveimur greinum og skulu a.m.k. þrír keppendur hefja keppni í hverri grein.
3. Umsóknarfrestur vegna auka- eða viðbótargreina er að minnsta kosti 2 dagar.

2. grein - Sérsmót

Til að árangur á svo kölluðu sérsmóti (eða móti skv. 3 flokki í 1.gr. reglugerðar nr. 20 um flokkun og skilgreiningu frjálsíþróttamóta) fáist viðurkenndur verður eftirfarandi að gilda:

1. Væntanlegur mótshaldari skal sækja um til World Athletics (WA) með að minnsta kosti 75 daga fyrirvara.
2. Á sérsmóti skal minnst keppt í þremur keppnisgreinum og skulu a.m.k. þrír keppendur hefja keppni í hverri grein.
3. Allar breytingar á samþykktu sérsmóti skal sækja um til FRÍ með hið minnsta 24 tíma fyrirvara. Allar breytingar eru háðar samþykki FRÍ og WA.
4. Þá skal FRÍ leggja til lista yfir viðurkennda dómara sem er aðgengilegur fyrir mótshaldara.

Sérsmót eru mót sem munu birtast í mótaskrá FRÍ og WA. Sérsmót falla þannig undir alþjóðlegan ramma um skráningu afreka og gilda inná alþjóðlega stigalista og til lágmarka á alþjóðleg stórmót að uppfylltum skilyrðum.

Umsóknarferlið tengist nýju mótafyrirkomulagi WA og er forsenda þess að árangur telji inn til stiga og/eða lágmarka. Einn aðili hjá hverju félagi skal vera mótfulltrúi og sækja um aðgang að mótakerfi WA. Umsóknir berast síðan frá WA til FRÍ sem samþykkir eða hafnar/leiðréttir áður en formleg skráning fer inn og mótið birtist á mótasiðu WA.

World Athletics rúkkar FRÍ skv. gjaldskrá sinni fyrir hvert mót og mun FRÍ koma þeirri rúkkun áfram til félaga. Fyrir árið 2023 er gjaldið 25€ fyrir hvert mót.

FRÍ skipar að auki dómara á hvert mót og greiðir umsóknaraðili kostnaðinn skv. gjaldskrá FRÍ hverju sinni. Að öðru leyti gilda ákv. þessarar reglugerðar.

3. grein - Skil úrslita

FRÍ skal bjóða upp á umsóknarform á vef vegna umsóknar um mótahald. Þar skulu koma fram eftirtalin atriði auk þeirra sem talin eru upp í 1. gr.:

1. Leiðbeiningar um skil á úrslitum, sem skulu undirrituð af mótsstjóra eða yfirdómara.
2. Leiðbeiningar um mótahald og hvert er hægt að leita eftir aðstoð um framkvæmd mótahalds, sé þess óskað.

3. Leiðbeiningar um umsókn á staðfestingu meta, hvort sem um er að ræða aldursflokkamet, Íslandsmet eða alþjóðlegt met.
4. Leiðbeiningar um hvernig má standa að kynningu móta í fjölmiðlum og upplýsingum hvert hægt sé að senda úrslit til kynningar.
5. Úrslit allra móta skal skrá í mótaforrit FRÍ.
6. Endurnýja skal umsókn árlega fyrir mót sem haldin eru hvert ár.
7. Heimilt er að sækja um röð móta sem haldin eru á árinu, enda sé sami aðili sem sér um framkvæmd og ber ábyrgð á framkvæmdinni.
8. Ekki þarf að sækja um mót sem haldið er á vegum FRÍ, þ.e. Meistaramót eða Bikarkeppni og tilgreind eru í reglugerð um mót á vegum FRÍ. Þó skal sækja um heimild fyrir keppni í greinum sem ekki tilheyra fyrrgreindri reglugerð. Fara skal eftir ákvæðum um almenn mót, sbr. 1. gr.
9. Heimild fyrir mótahaldi skal veitt að uppfylltum skilyrðum skv. 1. gr. og að farið sé eftir leiðbeiningum og reglum.

4. grein - Gildissvið

Reglur þessar gilda um öll mót sem haldin eru á sviði frjálsíþróttá og haldin eru hér á landi, hvort sem um er að ræða mót innan eða utan vallar. Reglurnar gilda þó ekki um götuhlaup, fjallahlaup eða víðavangshlaup.

Saga

1. Samþykkt 2002.
2. Breytt á þingum 2004, 2010, 2018.
3. Breytt af stjórn FRÍ árið 2019
4. Uppfærð af stjórn FRÍ 22. desember 2022 í ljósi breytinga World Athletics.
5. Breytt af stjórn FRÍ 2023